



Lúxemborg, 30. maí 2018

FRÉTTATILKYNNING 05/2018

Dómur í máli E-9/17 *Edmund Falkenhahn AG* gegn *The Financial Market Authority*

RAFEYRIR MÁ EKKI VERA TENGDUR VIÐ VERÐGILDI GULLS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunarnefnd Fjármálaeftirlitsins í Liechtenstein (*Beschwerdekommission der Finanzmarktaufsicht*) („áfrýjunarnefndin“) varðandi skýringu á tilskipun 2009/110/EB um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og varfærnisefirlit með þeim („tilskipunin“).

Í mars 2017 sótti Edmund Falkenhahn AG („Falkenhahn“) um heimild hjá Fjármálaeftirlitinu í Liechtenstein (*Finanzmarktaufsicht*) til að starfa sem rafeyrisfyrirtæki. Umsóknin útlistaði að gegn greiðslu löggilds gjaldmiðils myndi Falkenhahn gefa út reikningseiningar nefndar „World“ eða „Money“, sem yrðu nothæfar til greiðslu. Virði þessara eininga yrði tengt markaðsvirði gulls. Auk þess myndu fjármunir viðskiptavina vera varðveittir með fjárfestingum í gulli.

Með ákvörðun þann 23. ágúst 2017 hafnaði Fjármálaeftirlitið í Liechtenstein umsókninni. Það áleit að samkvæmt lögum í Liechtenstein sem innleiddu tilskipunina mætti rafeyrir ekki vera tengdur við virði gulls. Auk þess mættu fjármunir sem veittir væru í skiptum fyrir rafeyri ekki vera varðveittir með fjárfestingum í gulli.

Falkenhahn lagði í kjölfarið fram kvörtun hjá áfrýjunarnefndinni, sem óskaði eftir ráðgefandi áliti frá EFTA-dómstólnum varðandi það í hvaða mæli rafeyrir gæti verið tengdur öðrum verðmætum en nafnverði þegar tekið er við fjármunum, til að mynda verðmæti gulls. Hún leitaðist einnig eftir umfjöllun um þau skilyrði sem gilda um varðveislu þeirra fjármuna sem hafa verið fengnir í skiptum fyrir rafeyri.

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt 11. gr. tilskipunarinnar skyldi gefa út rafeyri á nafnverði þegar tekið væri við fjármunum. Auk þess skyldu útgefendur rafeyris innleysa, hvenær sem væri og á nafnverði, peningaleg verðmæti rafeyris í þeirra vörslu að kröfu handhafa rafeyrisins, í samræmi við fyrnefnt ákvæði. Til að fullnægja hlutverki staðgengils fyrir mynt og peningaseðla, sem gætu hvenær sem væri verið innleyst á nafnvirði, yrði geymdur rafeyrir ávalt að halda því peningalega verðmæti sem greitt hefði verið í skiptum fyrir hann. Af þeim sökum félli viðskiptalíkan sem fæli í sér að rafeyrir yrði tengdur við verðmæti gulls, að áhættu handhafa hans, utan gildissviðs tilskipunarinnar. Í samræmi við það gæti rafeyrir ekki verið tengdur við annað verðmæti en peningaleg verðmæti.

Dómstóllinn tók einnig fram að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar skyldi varðveita þá fjármuni sem veittir hefðu verið viðtakanda í skiptum fyrir rafeyri. Þá setti ákvæði 2. mgr. 7. gr. hennar fram skilgreiningu á því hvað teldust öruggar og áhættulitlar eignir í því sambandi. Dómstóllinn taldi þá skilgreiningu vera tæmandi.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.